

YNDISLESTUR

Í GRV stunda allir yndislestur í byrjun skóladags í 15-30 mínútur.


Lestur skipti miklu máli. Hver nemandi ætti einnig að stunda yndislestur á sínu heimili í 10-30 mínútur daglega.

Yndislestur eykur orðaforða, skilning og þekkingu og þar með námsárangur til lengri tíma litið.

Nám, þar sem áhugi lesandans og þarfir ganga fyrir, er líklegt til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms.

Lestur bókmennta er mikilvægur liður í mótun sjálfsmyndar barna. Lestur stuðlar að m.a. betri skilningi á mannlegu eðli og menningu.

Nánari upplýsingar um verkefnið **Orð af orði**, getur þú nálgast hjá umsjónakennara barns þíns eða hjá verkefnisstjóra í læsi.



Hvers vegna yndislestur?

Því það er yndislegt að lesa!

- Lestur er undirstaða lífsgæða
- Lestur er undirstaða alls náms
- Með lestri eykst orðaforðinn
- Með lestri eykst almenn þekking
- Með lestri víkkar sjóndeildarhringurinn

Ásdís Steinunn Tómasdóttir

Verkefnisstjóri í læsi
asdis@grv.is

Orð af orði - orðaforði





Orð af orði orðaforði

Markmið okkar í vetur er að viðhalda áunninni þekkingu og árangri en jafnframt leggja rækt við að styrkja þann árangur og festa aðferðirnar í sessi sem hluta af kennslu ólíkra námsgreina.

Við stefnum að því að efla orðaförða, skilning og námsárangur nemenda enn frekar í vetur.



Algeng hugtök í Orði af orði

Þar ber helst að nefna:

Yndislestur

Orð dagsins

Orðhlutavinna

Orðasöfnun

Hugtakagreining

Krossglíma

Hugtakakort

Endurbirting (ritun, kynning,

frásögn)



HVAÐ GETA FORELDRAR GERT?

- Sýna því sem barnið les áhuga með því að spyrja það spurninga eins og hvaða bók ert þú að lesa? Hvað er að gerast í henni núna? Hvernig finnst þér sögupersónan? o.s.frv.
- Ekki hætta að lesa fyrir barnið þó það geti lesið sjálf.
- Sýndu orðum, málsháttum og orðatiltækjum áhuga og reyndu að skapa umræður því tengdu.
- Heimsækið Bæjarbókasafnið og finnið lesefni sem hæfir áhugasviði barnsins.
- Nýtið öll tækifæri sem gefast til að glæða áhuga á lestri. Nýtið umhverfið, skilti, fyrirsagnir, dagblaðagreinar og „blogg“ svo eitthvað sé nefnt.
- Umfram allt verið jákvæð 😊



BÓKAKASSAR OG HEIMABÓKASÖFN

Í skólanum leggjum við áherslu á að nemendur hafi gott aðgengi að bókum og að hver og einn geti fundið sér lesefni tengt sínu áhugasviði.



FRAMKVÆMD YNDISLESTRAR Í SKÓLANUM

Í byrjun skóladags er róleg stund sem nýtt er í yndislestur. Allir lesa, líka kennarinn. Nemendur nýta þennan tíma í lestur áhugaverðra bóka að eigin vali.

Sumir nemendur kjósa að nýta tímann í að lesa heimalestrarbók, kjörbók eða að nýta tímann í skyldulestur.

Á meðan á yndislestri stendur er ekki ætlast til þess að nemendur sæki sér bækur á skólabókasafninu. Ef nemandi er ekki með bók sem hann vill lesa í töskunni þá getur hann valið sér bók úr bókakassa eða heimabókasafninu í stofunni.